

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 9. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og reiðvega“ komi: reiðvega og hjólreiða- og göngustíga.

3. Við 3. gr. Í stað orðanna „og reiðvegir“ komi: reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðsins „gangstíga“ í 20. gr. laganna kemur: hjólreiða- og göngustíga.

5. Við 4. gr., er verði 5. gr.

a. Í stað tölunnar „500“ í b-lið komi: 300.

b. Í stað orðanna „ákveða með samkomulagi“ í c-lið komi: semja um.